

fyrir söfnun, fögrun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð

1.gr

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. grein samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 295/2007 og 11.gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

2.gr

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald á hvert heimili verði kr. 55.460 og sorpgjald á hvert frístundahús verði kr. 24.440.

Íbúar geta óskað eftir að fá fleiri sorphát að heimilum sínum og greiða þá fyrir sorphát fyrir almennan úrgang 31.800 kr. og fyrir sorphát fyrir endurvinnsluúrgang 19.260 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

Heimilt er að veita 50% afslátt af sorpgjaldi vegna heimila í sveitarfélaginu, ef húsnæðið er nýtt til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu.

3.gr

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu í desember 2019:

Brotmálmar:	kr. 3.070 per m ³ .
Brotmálmar:	kr. 11,70 per kg.
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva):	kr.12.850 per stk.
Timbur (ómengað og hæft í kurlun):	kr. 1.580 per m ³ .
Timbur (blandað, mengað eða óhæft í kurlun):	kr. 3.070 per m ³ .
Gler og postulín:	kr. 1.580 per m ³ .
Garðaúrgangur:	kr. 1.580 per m ³ .
Jarðvegur, grjót og múrbrot:	kr. 1.580 per m ³ .
Pappír (Ekki bylgjupappi):	kr. 3.925 per m ³ .
Ópressanlegur úrgangur s.s. húsgögn:	kr. 2.115 per m ³ .
Blandaður pressanlegur úrgangur:	kr. 4.235 per m ³ .



Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sörp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað leggst 20% álag ofan á ofangreint verð.

Atvinnurekandi skal ávallt kvitta undir hjá starfsmanni gámastöðvarinnar vegna móttöku hans á úrganginum á þar til gert eyðublað í þríriti. Borgarbyggð sendir síðan innheimtuseðil á viðkomandi atvinnurekanda.

Íbúar sveitarfélagsins geta komið með allt að 8 rúmmetrum af úrgangi frá heimilum á ári, á Gámastöðina í Borgarnesi, án þess að þurfa að greiða fyrir.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur ákveðið að gefa út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Tekið er á móti s.s. spilliefnum, rafeindabúnaði/raftækjum, bylgjupappa, hjólbörðum, rúlluplasti, sparperum, flúrperum og fatnaði án endurgjalds.

4.gr

Gjaldskrá vegna úrgangs sem verktakar hafa gert samning við Borgarbyggð um að farga megi á urðunarstaðnum við Bjarnhóla skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu í desember 2019:

Timbur (ómengað og hæft í kurlun):	kr. 1.140 per m ³ .
Garðaúrgangur:	kr. 1.360 per m ³ .
Jarðvegur:	kr. 1.360 per m ³ .
Grjót og múrbrot:	kr. 2.270 per m ³ .
Hrossatað:	kr. 910 per m ³ .

Ekki verður heimilt að meðhöndla annan úrgang en að ofan greinir á þessum urðunarstað. Urðunarstaðurinn er afgirtur, læstur og undir eftirliti.



GJALDSKRÁ

5.gr

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1353/2018

Borgarnesi 23.12. 2019.

Lilja Björg Ágústsdóttir
sveitarstjóri



BORGARBYGGÐ